



UST

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Landsvæðisráðgjafi
Laugavegi 166
150 Reykjavík
Sími: 570 8000
Fakki: 570 8001
Vefur: www.ust.is

Reykjavík, 3. júlí 2006
Tilvisun: UST20060600067/tb

Efni: Öskjuleið, F88, um Lindaá, matsskylda

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 8. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort breyting á Öskjuleið, F88, geti talist matsskyld framkvæmd eins og hún er kynnt. Breytingarnar eru fyrst og fremst fyrirhugaðar vegna breytinga á rennsli Jökulsár á Fjöllum sem hefur leitað til vesturs að Lindahrauni undanfarin ár. Árið 2000 olli áin miklu landrofi nyrst í Herðubreiðarfriðlandi og er farin að hafa áhrif á þeim stað sem vaðið er nú. Loka hefur þurft leiðinni og hafa bílar orðið fyrir tjóni. Mikil umferð ferðamanna er um Öskjuleið yfir sumarmánuðina. Þrjár lausnir virðast á málinu, styrkja núverandi vað en vafasamt er hvað það endist. Byggja varnargarða, áætlaður kostnaður um 90 milljónir króna, eða færa „vaðið“ sunnar um 3,4 km. Talið er að þar megi fara yfir á næstu áratugi. Ekki verður um eiginlegt vað að ræða eins og mætti lesa út úr texta skýrslu Veggerðarinnar heldur er lagt til að sett verði þrjú rörraræsi, 3 m í þvermál, sem yrðu grafin að hluta niður í árbotninn.

Umsögn:

Vegna fyrirhugaðrar vegagerðar, sem er innan Herðubreiðarfriðlands, verður að skoða hvort hún sé líkleg til að rýra náttúruverndargildi friðlandsins á nokkurn hátt. Samkvæmt auglýsingu nr. 272 / 1974 lið 3. er óheimilt að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni á friðlandinu. Ljóst er að Herðubreiðarfriðland er vin í eyðimörk og að lífríki svæðisins telur mikið við mat á verndargildi en auk þess eru aðrir þættir lagðir til grundvallar matinu svo sem landslag, jarðmyndanir og saga svæðisins. Umhverfisstofnun ber að vernda líffræðilega fjölbreytni Herðubreiðarfriðlands.

Vegur sem lagður er í Lindahrauni á sama hátt og gert hefur verið til þessa dags, þar sem vegurinn er látinn þræða hraunið þar sem best þykir, án þessa að hann sé uppbyggður eða hraun sprengt, mun ekki hafa mikil áhrif á landslag eða jarðmyndanir að mati Umhverfisstofnunar. Þá kemur fram í skýrslu Veggerðarinnar að hvergi verði hraun rífið eða því raskað á annan hátt.

Þar sem fyrirhugað er að fara með veginn út úr Lindahrauni og inn á eyrar Jökulsár munu framkvæmdir hafa áhrif á hraunkantinn. Þetta er þó líklega eini staðurinn þar sem mögulegt er að fara með veginn án þess að eyðileggja hraunið verulega eða skerða gróður. Bæði vegna þess að á þessum stað er brot í hraunjaðrinum og þegar yfir er komið er farið með

veginnt beint inn á nánast gróðurlausu mela. Ef þess er gætt við vegalagningu að halda formi hraunlandslagsins á að vera hægt að framkvæmda hana án mikilla skemmda.

Í Lindaá er að öllum líkindum sérstakur silungastofn. Allt sem getur ógnað þeim stofni telur Umhverfisstofnun ekki koma til greina við vegalagningu á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að skoða þurfi sérstaklega með hvaða hætti er best að fara yfir ána og telur að leita beri efir áliti sérfræðinga á sviði ferskvatnsfiska svo sem hjá Veiðimálastofnun.

Mörg sjónarmið hafa komið upp er varða vegagerð með ræsum yfir Lindaá. Meðal annars er bent á að með því að setja ræsi á Lindaá, þar sem keyrt er yfir á þurru, að þá sé búið að eyðileggja þá ósnortnu ímynd og víðernisímynd sem leiðin upp í Herðubreiðarlindir og Öskju hefur og er. Undir þetta sjónarmið getur Umhverfisstofnun tekið.

Eins og fram hefur komið nota ferðamenn mikið umrædda leið inn í Herðubreiðarfriðland. Annað sjónarmið er því að rétt sé að gera leiðina inn í Herðubreiðarlindir sem greiðfærasta. Umhverfisstofnun telur að gæta verði að því að með vegaf framkvæmdum verði ekki spillt sérstöðu náttúru Íslands á þessu svæði með því t.d. að látið sé undan þörfum ákveðins hóps ferðamanna eða þeirra sem vilja að allar leiðir séu greiðfærar. Stofnunin bendir á að aðrar leiðir liggja inn í friðlandið, brúaðar, þó þær séu lengri fyrir þá sem kom vestan og norðan megin að friðlandinu. Ennfremur er hætt á að greiðfærari leiðir kalli á mun meiri umferð illa útbúinna bifreiða og aukið álag á Herðubreiðarlindir.

Samkvæmt auglýsingu nr. 101 / 1974 og 38. gr. laga um náttúruvernd er Umhverfisstofnun leyfisveitandi í friðlandinu. Umhverfisstofnun telur vel koma til greina að það sé kannað til hlítar hvort hægt sé að viðhalda vaði yfir Lindaá með útfærslu sem tryggir stöðugleika vaðsins.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun telur að vegagerð í Lindahrauni eins og henni er líst sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum að gefnum þeim forsendum að tryggt sé að vegagerð yfir Lindaá valdi ekki skaða á lífríki árinna eða verði til þess að rýra beint eða óbeint gildi landslags, jarðmyndana eða ósnortinnar náttúru og víðerna Íslands. Umhverfisstofnun telur að umfang framkvæmdanna sé ekki það mikið að ekki megi tryggja framangreint með samvinnu milli Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar við útfærslu á einstökum verkþáttum við breytingu á F88. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að setja hver þau skilyrði við fyrirhugaða vegagerð, verði af henni, sem stofnunin telur til þess fallin að stuðla að áframhaldandi vernd Herðubreiðarfriðlands.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson


Arni Bragason